

Draumar.

I.

Menn hafa stundum verið að spyrja mig hvort eg „tryði á drauma“. Eg get hvorki játað né neitað þeirri spurningu án þess að villa spyrjandann, og varla svarað honum öðruvísi en gert er í þessari ritgerð.

Mig dreymdi einusinni, að klukkuna vantaði fimm mínútur í átta. Eg held að mig misminni þetta ekki. Og þegar eg vaknaði og leit á úrið, þá var klukk- ar nálægt átta, hérumbil eins og mig hafði dreymt.

Annar draum dreymdi mig um dag milli 4 og 5; það var vitfirringarvetur minn 1910—11, og átti eg þá svo hægt með að sofa að eg svaf oft á daginn og þó að eg lægi ekki útaf; er það eini tíminn sem eg hef sofið vel, síðan á öldinni sem leið; og þá gekk eg úr skugga um hvernig áhrif svefninn hefir á mann. Nú sem eg sit uppi í herbergi mínu og hef vært, dreymir mig skip- komu. Rétt í þessu er eg vakinn, geng út, og sé að mig hafði dreymt eins og var, skipið var komið; en þó var ýmis- legt rugl samanvið í draumnum.

Um líkt leyti var það, en aldrei, held eg, fyrr eða síðar á ævinni, sem mig dreymdi mjög einkennilega. Eg svaf en þó var sem eg vissi af herberginu í kring um mig; eg vaknaði af vær-

Pareat stupiditas, tintinnabularia et cetera.

um svefni, en það var, ef svo mætti að orði komast, tilfinning mín sem breytt- ist, en ekki svo mjög vitundin, eins og vanalega er, þegar maður vaknar af svefni, hvort sem er frá draumum eða draumleysi. Slik svefnavitund virðist eins og nokkurskonar gagnstæða við „vökudrauma“, eða það sem sumir, að því er eg hygg, of trúgjarnir menn, altaf kalla skynvillur (hallucinationir) þegar ýmislegt ber fyrir manninn líkt og hann væri að dreyma, en hann er þó glaðvakandi, og jafnvel á hreyfingu.

Mikið fanst mér um þann draum sem nú segir. Mig dreymdi í haust sem leið, að eg stæði á svölum úti fyrir miklum sal, þar sem margt fólk var inni; þetta var um kvöld, og eg þótt- iat vera að skoða himininn. En það sem mér einkum þykir merkilegt í draumnum var, að þessi himinn var annar en sá sem eg kannaðist við; nú lít eg að visu aldrei stirndan himin án þess að undrast og furða mig stór- um; en aldrei þóttist eg jafn dýrðleg- ann stjörnuhimin hafa séð eins og í draumnum, og þessi stjörnumerki hafði eg aldrei séð áður; einkum var furðu- leg ein stjörnuþyrping stór og þétt- skipuð; og þessari sömu stjörnu þyrping hygg eg hafi brugðið fyrir mig tvisvar síðan, í því er hef verið

að sofna, en þori þó ekki að full-
yrða það.

Draumur þessi minnir mig á annan frá barnsárum mínum, sem lengi var mér minnistæður. Eg þóttist staddur í sal svo fögrum, að eg hyggi að jafnfagur salur sé ekki til á þessari jörð; eg hef löngu eftir að mig dreymdi drauminn, ýmsa fagra sali séð, auðvitað enganveginn þá feguratu sem til eru, en engan heldur neitt líkan því sem mig dreymdi. Það sem mig einkum minnir væri frábært á þessum sal, var svo fagurblár litur, að lengi síðan hef eg þráð að líta slíkan undrabláma. Það sem helst minnir mig á þann lit, er blómið bláey (*gentiana nivalis*); er ótrúlega fagur litur á því blómi, og betur að það sé enginn af lesendum mínum sem ekki þekkir það; er blómið blá ein hin mesta prýði þessa lands, þó að lítið beri á því, og stundum hefir mig langað til að stinga upp á, að það væri haft í merki Íslands, og svanur. En ekki veit eg nema það væri réttast fyrst um sinn, að láta sjá á blóminu, að það hefði verið troðið undir fótum, og á svaninum, að hann hefði ekki fult flug.

II.

Einhverstaðar sá eg fyrir ekki löngu, drauma nefnda heilaga, og þótti undarlegt eins og lesandinn mun skilja af eftirfarandi draumsögu, og öðru. Mig

dreymdi í fyrravetur suður í Danmörku, eina morgunstund ákaflega mikið um sild; það var að flækjast í huga mér í svefninum, hvað óskemtilegt það væri að þurfa svona oft að eta sild, og hvað sild gæti verið fadæma leiðinleg og leiðgjörn fæða. Nú hef eg alls ekki etið sérlega mikið af sild um dagana, og þykir hún ekki slæm til matar, þó að mér bæri þetta í drauma. En nokkru seinna kom inn til mín, (í alveg leyfilegum erindum) stúlka, fædd og uppalin í einum af smábæjunum á Noregsströnd, og þykir mér ekki ólíklegt að hún hafi stundum hugsað eitthvað líkt til sildarinnar eins og eg gerði í draumnum.

Segi eg nú ekki fleiri drauma mína um sinn, en vil minna á draum sem sagt er frá í einni af þeim söguþókum, sem samnorðastar eru, Sturlungu. Mann dreymir, að samferðamaður hans ætli að höggva öxi í höfuð honum, og það var nú einmitt það sem hinn hafði fastráðið að gera. Komst þarna samvitund á með óvininum, annars hugur eins og gægist inn í hins.

Mjög eftirtektarverðar og fróðlegar eru líka ýmsar af draumasögum Hermanns Jónassonar, og virðast greinilega sýna hvernig samhugur eða sálufélag nokkurskonar, getur átt sér stað manna á meðal í svefni, líkt og í daleiðslu. (Sbr. það sem sagt hefir verið áður um Victor.)